



Jarðhitalíkur í Hvammsvík í Hvalfirði

Kristján Sæmundsson

Greinargerð KS-84/13

JARÐHITALÍKUR Í HVAMMSVÍK Í HVALFIRÐI

Á stríðsárunum lét breski herinn bora eftir vatni í Hvammi eða Hvammsvík. Manna á meðal gengur sú sögn að holan hafi lent í volgum eða heitum sjó. Var leit þá hætt, en vatnsleiðsla lögð ofan úr fjalli. Borholan er nú týnd. Flestum ber saman um, að hún hafi verið norðantil á nesinu, á bak við hólana. Enginn þeirra sem talað var við gat tilgreint staðinn nánar. Óvissar sögnir eru um jarðhita í sjó fram undan Brekku og Bjarteyjarsandi.

Nokkrar grunnar holur hafa verið boraðar norðan við Hvalfjörð. Hæstur hiti hefur mælst í holum austan og vestan við Miðsand um og yfir 30°C miðað við 100 m. Dýpri holur á því svæði hafa sýnt að þar er heitt vatn undir. 1500 m djúp borhola við Hvalstöðina gefur um 10 l/s af 140°C heitu vatni. Ekki er vitað hversu útbreitt jarðhitasvæðið kringum Miðsand er. Við Ferstiklu og við Ásgarð í Kjós er komið út fyrir það.

Viðnámsmælingar hafa verið gerðar meðfram norðurströnd Hvalfjarðar. Af þeim verður ekkert ráðið um jarðhita. Engar líkur eru á að þær komi að gagni kringum Hvammsvík. Þessu veldur nálægð við sjó og breytileg jarðgerð: Mjög ummyndað berg með fjölda innskota á hluta svæðisins, brotabelti þar innan við sem liggur um Hvammsvík og Miðsand, lítið ummyndað berg með fáum innskotum enn austar.

Til könnunar á jarðhitalíkum í Hvammsvík er eðlilegt fyrsta skref að bora allt að 100 m djúpa holu norðarlega á nesinu og e.t.v. aðra sunnan við víkina í brotabelti sem liggur þar yfir. Finnist um eða yfir 30°C hiti á 100 m dýpi er lítil vafi á að heitt vatn er þar undir. Til að ná því þyrfti dýpri borholur. Ef hins vegar hiti í berggrunni er líkur og á Ferstiklu og við Ásgarð er vafasamt að frekari leit beri árangur.

Varðandi staðsetningu á borholum yrði fyrst og fremst að styðjast við jarðfræðirannsóknir. Jarðfræðikort liggur fyrir af svæðinu kringum Hvammsvík. Kostnaður við viðbótarannsóknir yrði því lítil vegna staðsetningar og mælinga á hitastigulsholu ef boruð yrði, líklega kringum 20.000 kr.

DE GREINARCGRABASAFN

JHD-JK-2604 KS
84.12.1635 AA

